2. gr.

Við 2. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004, bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skilyrði a-liðar 1. mgr. um lögheimili hér á landi gildir ekki um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 2005.

Halldór Ásgrímsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Markús Sigurbjörnsson.**

Björn Bjarnason.

14. apríl 2005 Nr. 27

LÖG

um breytingu á lögum nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 3.–5. málsl. 7. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Lögin gilda til 1. október 2005. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.